NORDIC BUILT

Nordic Built Cities

Við, í norrænum byggingariðnaði, hyggjumst taka höndum saman og nýta sameinaða krafta okkar til að leggja fram sjálfbærar lausnir eins og krafist er á Norðurlöndum og um allan heim. Stundin er runnin upp og við munum fylgja meginreglum Nordic Built-sáttmálans.

## SKULDBINDINGAR OKKAR

Við heitum því að hafa forgöngu um að innleiða meginreglur Nordic Built í verki og viðskiptaáætlunum.
Við heitum því að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að geta lagt fram samkeppnishæfar hugmyndir að sjálfbæru byggðu umhverfi sem gagnast notendum og byggingariðnaði á Norðurlöndum og um allan heim.

## MEGINREGLUR NORDIC BUILT

**VIÐ HYGGJUMST REISA BYGGINGAR OG SKAPA UMHVERFI SEM:**

01 Hannað er með fólk í huga og eykur lífsgæði þess

02 Eykur til muna sjálfbærni í byggingaiðnaði sem rekja má til nýsköpunar og góðrar þekkingar

03 Sameinar borgarlíf og gæði náttúrunnar

04 Nær markmiðinu um núll losun á lífsferli sínum

05 Er hagnýtt, snjallt og fagurfræðilega aðlaðandi og byggir á norrænni hönnunarhefð af fremstu gerð

06 Er sterkbyggt, varanlegt, sveigjanlegt og sígilt - byggt til að endast

07 Nýtir staðbundnar auðlindir og er lagað að staðháttum

08 Er skapað og viðhaldið í gagnsæju samstarfi við aðra aðila þvert á landamæri og greinar

09 Styðst við sömu mælikvarða og hugtök og notuð eru um allan heim

10 Gagnast fólki, atvinnulífi og umhverfi

norden
Nordic Innovation